

XII. KAFLI

Refsiákvæði, gildistaka o.fl.

53. gr.

Sýslumaður sker úr öllum ágreiningi milli hreppsnefnda út af fjallskilamállum. Þá heyrta undir úskurð hans allar kærur og kröfur á hendur sveitarstjórnnum, er snerta fjallskilamál. Enn fremur geta einstakir aðilar lagt slík ágreiningsmál undir úrskurð sýslumanns.

54. gr.

Með mál er rísa út af brotum á samþykkt þessari skal fara að hætti opinberra mála. Brot gegn samþykktinni varða sektum, nema þyngri refsing liggji við eftir öðrum lögum.

Samþykkt þessi, sem sýslunefnd Austur-Húnavatnssýslu hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 6 21. mars 1986 um afréttamálefni, fjallskil o.fl., og búfjárræktarlögum nr. 31 24. apríl 1973, til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð fyrir Austur-Húnavatnssýslu um fjallskil o.fl. nr. 177/1971.

Landbúnaðarráðueytið, 4. janúar 1989.

Steingrímur J. Sigfússon.

Jón Höskuldsson.

REGLUGERÐ

**um breyting á reglugerð nr. 432/1987 um starfsheiti og starfsréttindi
matvælafræðinga með breytingu nr. 163/1988.**

1. gr.

Við reglugerðina bætist ákvæði er heiti ákvæði til bráðabirgða og orðist svo:

Ákvæði til bráðabirgða.

Þrátt fyrir ákvæði 2. gr. er ráðherra heimilt til ársloka 1989 að fenginni umsögn sömu aðila og um getur í 1. gr., að veita starfsleyfi einstaklingum, sem gegndu störfum matvælafræðinga, sbr. 3. gr. við gildistöku reglugerðar nr. 432/1987, enda sé menntun þeirra og starfsreynsla jafngild því sem áskilið er í 2. gr.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er skv. lögum nr. 24/1985, um starfsheiti og starfsréttindi heilbrigðisstétta, öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 5. janúar 1989.

Guðmundur Bjarnason.

Ingimar Sigurðsson.